



Minnisblað til fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar

Efni: Tölur fjölskyldusviðs til október 2021

Dags: 11. nóvember 2021

Málsnúmer: 202006316/10.0

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Sigurbjörg Fjölнисdóttir, Framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Meðfylgjandi er stutt samantekt á helstu tölum fjölskyldusviðs til og með október 2021.

Fjárhagsaðstoð

Sú fækkun á einstaklingum sem þiggja fjárhagsaðstoð sem átti sér stað í sumar hefur haldið sér í haust og er nú svo komið að í október er minnsti fjöldi einstaklinga á fjárhagsaðstoð sem sést hefur í einhver ári.

Tafla 1. Fjöldi einstaklinga á fjárhagsaðstoð og upphæð.

Fjárhagsaðstoð	2019		2020		2021	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Janúar	35	4,8 mkr.	50	6,9 mkr.	39	6,2 mkr.
Febrúar	40	5,5 mkr.	45	5,9 mkr.	38	6,0 mkr.
Mars	40	5,6 mkr.	54	7,1 mkr.	43	7,0 mkr.
Apríl	43	6,4 mkr.	56	7,3 mkr.	42	5,9 mkr.
Maí	46	6,2 mkr.	59	8,0 mkr.	45	6,5 mkr.
Júní	42	6,2 mkr.	53	7,5 mkr.	43	5,9 mkr.
Júlí	38	5,1 mkr.	57	7,3 mkr.	32	4,2 mkr.
Ágúst	39	4,8 mkr.	50	6,4 mkr.	34	4,9 mkr.
September	49	5,8 mkr.	50	6,7 mkr.	33	4,8 mkr.
Október	44	6,0 mkr.	43	6,6 mkr.	30	4,5 mkr.
Nóvember	53	6,8 mkr.	42	6,0 mkr.		
Desember	53	7,8 mkr.	43	7,5 mkr.		

Barnaverndarmál


Í Töflu 2 má sjá fjölda barnaverndartilkynninga milli ára og mánaða. Eins og sjá má hefur tilkynningum almennt fækkað frá því á fyrri hluta ársins, ef undan er skilinn september. Hluti þeirra mála sem tilkynnt voru til barnaverndar í september áttu sér stað í sumar og vörðuðu minniháttar áhættuhegðun barna sem krafðist ekki afskipta barnaverndar þar sem lögreglan fylgir slíkum málum eftir.



Tafla 2. Fjöldi barnaverndartilkynninga.

Tilkynningar	2019		2020		2021	
	Heild	Frá lögreglu	Heild	Frá lögreglu	Heild	Frá lögreglu
Janúar	31	25	40	18	40	16
Febrúar	32	17	31	13	32	10
Mars	45	18	42	22	54	32
Apríl	28	8	22	15	45	17
Maí	24	8	35	20	54	34
Júní	40	10	35	25	51	19
Júlí	31	21	41	25	27	14
Ágúst	50	28	33	16	33	19
September	47	24	45	21	62	36
Október	44	22	78	35	38	23
Nóvember	32	7	60	36		
Desember	28	18	34	14		
Samtals	432	206	496	260		

Á Mynd 1 hafa verið settar saman fjöldatölur fyrir tilkynningar til barnaverndar annars vegar og íbúa og barnafjölda í sveitarfélaginu 1. janúar hvert ár hins vegar. Þar kemur fram að aukinn fjöldi tilkynninga helst í hendur við aukna fjölgun íbúa sem og barna. Covid árin 2020 og 2021 sýna þó tilkynningafjölda umfram íbúaþróun, en þessi aukni fjöldi tilkynninga í faraldrinum þessi tvö ár er sama þróun og má sjá hjá öðrum sveitarfélögum á landsvísu.



Mynd 1. Fjöldi barnaverndartilkynninga (vinstri ás) borið saman við íbúafjölda og fjölda barna 1. janúar hvers árs.

Í tilkynningum um heimilisofbeldi þar sem börn eiga í hlut má sjá að á sumarmánuðum 2021 komu samtals fjórar tilkynningar, en í september og október hefur fjöldi tilkynninga aftur aukist umfram meðalmánuð.




Tafla 3. Fjöldi tilkynninga um heimilisofbeldi.

Tilkynningar	2019	2020	2021
Janúar	4	13	10
Febrúar	6	4	2
Mars	3	3	5
Apríl	6	6	7
Maí	5	4	6
Júní	3	9	2
Júlí	8	5	0
Ágúst	27	9	2
September	9	7	16
Október	6	12	10
Nóvember	2	13	
Desember	5	8	
Samtals	84	93	

Atvinnuleysi

Sú þróun sem hófst í apríl á þessu ári þegar atvinnuleysistölur fóru minnkandi hefur haldið áfram og voru í september færri en 300 Mosfellingar á atvinnuleysisskrá. Þetta ber þessi merki að ástand í þjóðfélaginu fari batnandi, sérstaklega í ljósi þess að eins og sér í Töflu 1 hefur einstaklingum á fjárhagsaðstoð farið fækkandi samhliða þessari fækkun. Atvinnuleysi á landsvísi var komið niður í 4,9% í september samanborið við 9% í september 2020.



Mynd 1. Atvinnulausir Mosfellingar.

Virðingarfyllt,
Sigurbjörg Fjölisdóttir